

GJALDSKRÁ

fyrir vatn og fráveitur í Snæfellsbæ.

1. gr.

Vatnsinntak.

- 1.1 Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af áhaldahúsi Snæfellsbæjar eða bæjarverkfræðingi.

<i>Dvermál inntaks mm</i>	<i>Heimæðargjald kr.</i>
32	142.560
40	190.080
50	273.240
63	523.800
75	749.520
90	926.640

Heimæðargjald fyrir inntök > 90 mm er reiknað út hjá vatnsveitu Snæfellsbæjar.

- 1.2 Aukakostnaður:

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 9.420 kr./m vegna skurðgraftar.

- 1.3 Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft sem innheimtist eftir á:

<i>Dýpi</i>	<i>Kr. á lengdarmetra</i>
Klaki/klöpp < 30 sm	2.750
Klaki/klöpp > 30 sm	5.570

2. gr.

Vatnsgjald.

- 2.1 Vatnsgjald skal nema 0,33% af fasteignamati húsnæðis í A-flokki og 0,45% af fasteignamati húsnæðis í B- og C-flokki. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki vatnsgjald. Gjald dagar vatnsgjalds eru 7 á ári og innheimtist það með fasteignaskatti sveitarfélags.

3. gr.

Byggingarvatn (vinnuskúravatn).

- 3.1 Sé sótt um byggingarvatn um leið og sótt er um heimæð er gjaldið fyrir byggingarvatnskranu kr. 12.950.
- 3.2 Sé aðeins sótt um byggingarvatnskranu er gjaldið kr. 68.470 fyrir tengingu og aftengingu hans.
- 3.3 Heimæðagjald og gjald fyrir byggingarvatn skal greitt þegar sótt er um tengingu.
- 3.4 Vatnsveita Snæfellsbæjar miðar við að vinnu við heimæð sé lokið innan viku (5 vinnudaga) frá því að ósk um innlögn heimæðar berst og húsnæði uppfyllir skilyrði fyrir tengingu.

4. gr.

Mælaleiga.

- 4.1 Notandi skal leggja til aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita Snæfellsbæjar er eigandi mælanna og skal greidd mánaðarleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis mm</i>	<i>Mælaleiga á ári kr.</i>
15	11.146
20	11.340
25	14.580
32	16.330
40	19.634

50	23.976
80	62.791
100 og stærri	66.031

5. gr.

Stofngjald fráveitu.

5.1 Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera eftirfarandi:

5.1.1 Einbýlishúsalóðir	kr. 194.400
5.1.2 Aðrar lóðir en einbýlishúsalóðir	kr. 237.600

6. gr.

Álagningarstofn fráveitu.

6.1 Álagningarstofn skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum.

7. gr.

Fráveitugjald.

7.1 Fráveitugjald skal nema 0,16% af álagningarstofni húsnæðis í A-flokki og 0,20% af álagningarstofni húsnæðis í B- og C-flokki. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt.

8. gr.

Rotþróargjald.

8.1 Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Tæmingargjald kr.</i>
Rotþró 100 – 1.800	27.000
Rotþró 1.801 – 3.600	32.400
Rotþró 3.601 – 6.000	40.500
Rotþró 6.001 – 9.000	48.060
Rotþró 9.001 – 20.000	76.680
Rotþró yfir 20.000	14.040 pr. klst.

8.2 Tæmingargjald miðast við að rotþró sé tæmd á 3 ára fresti. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

8.3 Verð miðast við að hreinsibill þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.456.

9. gr.

Verðlagsbreytingar.

9.1 Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í október 2011 og uppfærast á 3ja mánaða fresti. Byggingarvísitala í október 2011 er 111,3 stig.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

10.1 Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 10. nóvember 2011 er í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 með síðari breytingum, X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt nr. 181/2005 um fráveitur í Snæfellsbæ. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2012.

Nr. 1157

30. nóvember 2011

10.2 Með samþykkt gjaldskrár þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá dags. 6. apríl 2011 fyrir vatn og fráveitur í Snæfellsbæ nr. 369/2011.

Snæfellsbæ, 30. nóvember 2011.

Kristinn Jónasson bærarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2011